



## Húnabing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi  
Sími 455 2400 • Fax 455 2409  
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Hvammstangi 27. apríl 2016

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Sent með rafpósti

### **Efni: Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. mál.**

Byggðarráð Húnabings vestra lýsir yfir furðu yfir tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015 – 2018 sem lögð hefur verið fyrir Alþingi. Samkvæmt áætluninni er ekki gert ráð fyrir fjármagni til lagfæringar á vegum í Húnabingi vestra. Ástand héraðs- og tengivega í sveitarfélaginu er með öllu óviðunandi. Svo slæmt að hætta skapast víða af. Dæmi um það er Vatnsnesvegur (711) en ástand vegarins er orðið hættulegt og farið að varða öryggi vegfarenda eins og bent hefur verið á á fundum með þingmönnum og fjárlaganefnd. Tafarlaust þarf að lagfæra útskot og setja upp útskotsmerki á Vatnsnesveg. Um er að ræða um 140 útskot á um 90 km. kafla. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er um 7 milljónir króna. Umferðarálág er orðið verulega mikið á Vatnsnesvegi, sérstaklega yfir sumartímam þó að umferð hafi einnig aukist jafnt og þétt yfir vetrartímam. Vegurinn um Vatnsnes er um 4 metra breiður malarvegur. Breidd bifreiða er frá 2,0 - 2,5 metrar. Það gerir bifreiðum erfitt fyrir að mætast og gerir framúrakstur hættulegan nema ekið sé úti vegbrún. Þá eru vegbrúnir víða svikular. Það gerir það að verkum að bifreiðar verða að mætast á útskotum. Nokkuð mörg útskot eru á Vatnsnesvegi en þau eru ómerkt og erfitt er fyrir ókunnuga að átta sig á þeim. Sum staðar eru útskotin orðin léleg og þarfnast lagfæringar. Samkvæmt tölum frá Vegagerðinni frá 2014 fara um 35 þúsund bifreiðar eða um 105 þúsund manns um Vatnsnesið yfir sumarið, tímabilið maí - september. Ef miðað er við tölur um fjölgun heimsókna ferðamanna í Upplýsingamiðstöðina á Hvammstanga á milli árána 2014 og 2015 má áætla að þessi tala verði um 67 þúsund bifreiðar alls á tímabilinu maí - sept. 2016 eða um 150 þúsund manns.

Byggðarráð krefst þess að ríkisstjórnin setji aukið fé til vegamála til að mæta stóraukinni umferð og bæta fyrir skort á viðhaldi á síðustu árum. Þá ætti viðhald Vatnsnesvegur að vera í forgangi, tafarlaust þarf að bæta við og merkja útskot á veginum og sem fyrst að byggja veginn upp, breikka og leggja á bundið slitlag.

Virðingarfyllst,

  
Guðný Hrunn Karlsdóttir, sveitarstjóri.

